

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 122/2009

frá 4. desember 2009

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) og II. viðauka
(Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2009 frá 22. október 2009 ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 78/2009 frá 3. júlí 2009 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2009 frá 23. mars 2009 um breytingu á II. og III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005 að því er varðar hámarksgildi leifa fyrir asoxýstróbín og flúðioxóníl í eða á tilteknum vörum ⁽³⁾ með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 39.
- 4) Ákvörðun þessi á ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 40. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í II. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 0256:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2009 frá 23. mars 2009 (Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 3) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 39.“

2. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 54zzy (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 396/2005) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32009 R 0256:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 256/2009 frá 23. mars 2009 (Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 3) með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 39.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 334, 17.12.2009, bls. 1, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 68, 17.12.2009, bls. 1.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 277, 22.10.2009, bls. 27, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 22.10.2009, bls. 3.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 81, 27.3.2009, bls. 3.

3. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (EB) nr. 256/2009, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 208, 12.8.2009, bls. 39, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 5. desember 2009 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 4. desember 2009.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

O.H. Sletnes

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.